

**Ná.**

**286. Nefndarátt**

um frumv. til laga um breyting á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907. (Pskj. 147).

Nefndin hefir íhugað frv. og ræður háttv. deild til að samþykkja það með breytingu þeirri, er hér fer á eftir.

Nefndin telur þarft og nauðsynlegt að banna útflutning hrossa um þann tíma árs, sem gera má ráð fyrir að skip hreppi ill veður í hafi. Lítur nefndin svo á, að það sje undir öllum kringumstæðum að misbjóða skepnunum, að flytja þær milli landa á þessum árstíma; og það því fremur sem hún telur víst, að því sje mjög ábótavant, að skip þau, sem hingað til hafa tekið hross til útflutnings, hafi verið útbúin sem skyldi til hrossaútflutnings. Finnur nefndin ástæðu til þess að beina því til landsstjórnarinnar, hvort eigi sje ástæða til að brýna fyrir löggæslumönnum að litið sje eftir því, að fullnægt sje ákvæðum laga 22. nóv. 1907 um þetta efni.

Nú er það kunnugt, að búast má við illviðrum í hafi, engu síður í októbermánuði en í nóvember, og engu síður í apríl en í mars. Leggur því nefndin til að tími sá, sem útflutningur hrossa sje bannaður, sje látinn vera frá 1. október til 1. maí.

**BREYTINGARTILLAGA.**

Fyrir orðin »1. nóvember til 1. apríl« komi:  
1. október til 1. maí.

Neðri deild Alþingis, 6. ágúst 1915.

Einar Jónsson,  
form.

Sveinn Björnsson,  
skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Benedikt Sveinsson.

Björn Hallsson.